

Starfsskýrsla

Skógræktarfélags Garðabæjar

2014-2015



Inngangur

Skógræktarfélag Garðabæjar var stofnað 24. nóvember 1988. Það er félag allrar fjölskyldunnar og eru félagsmenn um 320.

Skógræktarsvæði félagsins eru; Smalaholt og Sandahlíð þau liggja norðan og austan megin að friðlandi Vífilsstaðavatns svo og Tjarnholt og Hádegisholt, Leirdalur við Lönguhlíð í upplandi Garðabæjar. Leirdalur hefur verið tekinn undir þjóðlendu. Einnig hefur félagið ræktað jólatré í Brynjudal í Hvalfirði ásamt Skógræktarfélagi Íslands og nokkrum skógræktarfélögum á höfuðborgarsvæðinu. Þá hefur félagið yfir að ráða landsspildu austast í landi Vífilsstaða þar sem félagið er með vinnuskúr fyrir verkfæri og aðstöðu fyrir plöntur.

Markmið félagsins er að vinna að framgangi skógræktar og trjáræktar í Garðabæ. Veita félagsmönnum fræðslu um skógrækt, trjárækt og gróðurvernd. Vinna að verndun skógarreita sem fyrir eru í bæjarlandinu og koma upp nýjum í samvinnu og samráði við bæjaryfirvöld og landeigendur.

Starfskýrsla þessi nær til tímabilsins 1. sept. 2014 til 31. ágúst 2015.

Stjórn félagsins

Eftirfarandi skipa stjórn félagsins frá síðasta aðalfundi Skógræktarfélagsins 23. mars 2015, haldinn í Safnaðarheimilinu:

Erla Bil Bjarnardóttir, formaður

Kristrún Sigurðardóttir, varaformaður

Hildigunnur Halldórsdóttir, ritari

Barbara Stanzeit, gjaldkeri

Björn Már Ólafsson, meðstjórnandi

Sigurður Karl Sigurkarlsson, meðstjórnandi

Sigurður Þórðarson, meðstjórnandi

Varastjórn: Einar Örn Jónsson, Huginn Freyr Þorsteinsson,

Sigurður Hafliðason og Smári Guðmundsson

Skoðunarmenn reikninga félagsins: Ólafur Nilsson og Helgi Hjálmsson

Varaskoðunarmaður: Símon Ólafsson

Arndís S. Árnadóttir gaf ekki kost á sér til áframhaldandi stjórnarstarfa, en hún var ritari félagsins í um tvo áratugi.

Stjórnarmenn þiggja ekki laun fyrir vinnuframlag til félagsins.

Samstarfsamningur

Samstarfssamningur Skógræktarfélagsins við Garðabæ var endurnýjaður á aðalfundi félagsins 19. mars 2013. Barbara Stanzeit gjaldkeri félagsins og Gunnar Einarsson bæjarstóri undirrituðu samninginn sem gildi til 2014, því er nauðsynlegt að endurnýja hann og að samningsupphæð fylgi verðlagi svo fjárveitingin rýrni ekki of hratt. Við gerð fjárhagsáætlunar Garðabæjar fyrir árið 2015 var tekið tillit til þessarar stöðu með smá hækkun á starfsstyrk milli ára. Samningurinn gerir félaginu m.a. kleift að gera verktakasamning við fagfólk á skógræktarsvæði félagsins.

Umsjónarmaður á skógræktarsvæðum félagsins

Umsjónarmaður á skógræktarsvæðunum sumarið 2015 var Hlynur Gauti Sigurðsson sem er landslagsarkitekt og borgarskógræktarfræðingur. Hann sá um umhirðu og framkvæmdir á skógræktarsvæðunum og skipulagði ásamt umhverfisstjóra opnun skógarins í Lundamóa með grisjun lundarins fyrir stíga sem lagðir voru kurli og útbjó áningarstað úr viðarbolum. Hlynur kannaði skógræktarsvæðin ítarlega og skráði upplýsingar um þau en slík úttekt hefur ekki verið gerð áður. Markmið sumarsins var að gróðursetja stærri og minni trjáplöntur í lúpínubreiður og sá hann um það. Hann vann á kerflinum enda er það eindreginn vilji félagsins að skógarkerfillinn nái ekki róffestu á skógræktarsvæðunum. Í Sandahlíð endurbætti Hlynur kurlstíga og bætti við þá, ásamt smíði á fimm bekkjum úr trjábolum sem staðsettir eru á völdum útsýnisstöðum á svæðunum. Til fróðleiks þá skráði Hlynur verkefnið á vefsíðu sína www.kvikland.com



Skógarbekkur eftir Hlyn



Skipulag skógarstíga í Lundamóa

Umhverfishópar frá bænum

Í sumar komu umhverfishópar bæjarins að slætti og klippingu á lúpínu aðallega í trjásýnireit og meðfram útivistarstígum sem lokast ella ef lúpínan leggst yfir þá.



Umhverfishópur leggur kurlstíg í Lundamóa

Lagður var kurlstígur í Lundamóa og yfirlagt kurl í stíg í Sandahlíð og bætti við hann.

Þetta vinnuframlag bæjarins hefur verið gríðarlega mikilvægt fyrir skógræktarsvæðin sem jafnframt og ekki síst, eru útivistarsvæði opinn öllum almenningi.



Beltavagn var leigður til að leggja kurl á stíg í Sandahlíð



Erla Bil Bjarnardóttir formaður Skógræktarfélags Garðabæjar og Jóna Sæmundsdóttir formaður umhverfisnefndar Garðabæjar.

Til heiðurs Vigdísar Finnbogadóttur í Lundamóa

Skógræktarfélag Garðabæjar stóð fyrir athöfn til heiðurs frú Vigdísar Finnbogadóttur, vegna kjörs hennar til forseta Íslands fyrir 35 árum.

Skógræktarfélögin fengu erindi frá Skógræktarfélagi Íslands dags. 21.05.15 og 10.06.15 varðandi samstarf skógræktarféлага um viðburð í tilefni þess að 35 ár eru liðin frá því að frú Vigdís Finnbogadóttir var kjörin forseti Íslands. Athöfn þar sem gróðursett yrðu þrjú tré *að hætti Vigdísar* laugardaginn 27. júní með þátttöku sveitarfélags og skógræktarfélags.

Góð þátttaka fólks var við athöfnina í Lundamóa, þar sem boðið var uppá svaladrykki að lokinni gróðursetningu.

Pilturinn og stúlkan eru bæði í skógræktarfélaginu sem tóku að sér að gróðursetja birkitrén, en formaður umhverfisnefndar gróðursetti tréð fyrir komandi kynslóðir.

Af þessu tilefni var tekin saman saga um Lundamóa sem birt var á www.skoggb.is



Arna Rún Atladóttir gróðursetur tréð fyrir stúlkur. Og Jökull Snær Gylfason gróðursetur tréð fyrir drengi, með aðstoð Barböru ömmu hans.

Umhverfisnefnd tók virkan þátt í athöfninni með því að auglýsa hana í Garðapóstinum og formaður flutti ávarp að lokinni gróðursetningu birkitrjána.

Stjórn skógræktarfélagsins er mjög ánægð með hversu samstarf þetta tókst vel og ekki síst að þessi athöfn varð til þess að opna Lundamóa með því að teikna upp stíga innan svæðisins og kynna svæðið íbúum á vefsíðu félagsins, sem einnig var birt á vefsíðu Garðabæjar.

Heimasíðan www.skoggb.is

Markmiðið með vefsíðu félagsins er virk upplýsingaveita fyrir félagsmenn og alla þá sem kunna að sækja hana heim. Teljum við að þetta hafi tekist undanfarið ár með fréttum og myndum.

Félagsstarf

- Haustferð laugardaginn 13. september 2014 um Árnassýslu.
- Jólatrjáasala 13. des. 2014, „Opinn jólaskógur“ í Smalaholti.
- Aðalfundur félagsins 23. mars 2015 í Safnaðarheimilinu Kirkjuhvoli. Gestur fundarins var Friðrik Baldursson garðyrkjustjóri Kópavogs sem kynnti trjásafn og tilraunasvæðið í Meltungu í Kópavogi.
- Brynjudalsferð 7. júlí 2015, umhirða og gróðursetning í jólatrjáareit félagsins.
- Vinnukvöld fjóra þriðjudaga í maí og júní.
- Gróðursetning í Lundamóa

Haustferð 2014

Árleg haustferð félagsins var farin laugardaginn 13. september um Árnassýslu þar sem nokkrir áhugaverðir staðir voru heimsóttir. Skoðuð var ræktun tveggja fjölskyldna í Grímsnesi og ræktun í landi Böðmódsstaða í Bláskóga-byggð. Um hádegið fengu félagar innsýn í dagleg störf í gróðrarstöðina að Friðheimum í Reykholti í Biskupstungum. Snæddu þar gómsæta tómatsúpu eftir að hafa fræðst um starfsemi stöðvarinnar sem ræktar tómata og gúrkur samhliða veitingasölu. Haustferðir félagsins eru alltaf vel sóttar og ánægjulegar þar sem félagið býður uppá rútuferðina og stjórnin skipuleggur dagskránnu.



Átjándi haustferð félagsins verður laugardaginn 5. september n.k., að þessu sinni verða heimsóttir áhugaverðir staðir í Kjósinni.

Afurðir úr skóginum

Jólatrjáasala

Eins og fyrri ár stóð félagið fyrir „Opnum jólaskógi“ þar sem fjölskyldur koma í skóginn og velja sér jólatré og fella sjálf. Að þessu sinni fór salan fram í Smalaholti á skógræktarsvæði Skógræktarfélagsins. Margir komu í skóginn og nutu sannkallaðar jólastemningar í snævi þöktum skóginum. Félagið bauð upp á heitt kakó og piparkökur og félagar aðstoðuðu gesti við skógarhögg. Seld voru 78 jólatré af greni, furu og þin úr skóginum í Smalaholti og reitnum aðstöðu félagsins við Vífilsstaði.

Jólaskógur er frábært tækifæri fyrir fjölskylduna til að koma í skóginn, velja og saga sér jólatré og upplifa jólastemningu úti í náttúrunni. Hann er orðinn fastur liður í starfsemi félagsins enda full þörf á að grisja skóginn þar sem trén fara ört stækkandi.



Kakóveitingar og piparkökur í jólaskóginum

Garðabær keypti nokkur 4-5 metra há torgtré af félaginu sem prýddu bæinn um hátíðarnar. Hjálparsveit skáta í Garðabæ leitaði til félagsins um kaup á stafafurum fyrir jólatrjáasölu sína á Garðatorgi og samþykkti stjórnin að merkja um 100 stafafurur í Sandahlíð sem Hjálparsveitin sá um að fella.

Sumarstarfið

Eins og fyrri ár voru vinnu- og samverukvöld á þriðjudögum í maí og júní fastur liður í starfsemi félagsins. Þátttaka félagsmanna í þessu starfi hefur minnkað ár frá ári og þarf því að endurskoða þetta fyrirkomulag.



- Sumarstarfið 2015 hófst 26. maí. Unnið var að gróður-setningum, áburðargjöf og hlúð að plöntum á vinnukvöldum í maí og júní. Einnig var unnið við að slá og klippa lúpínubreiður í trjásýnireitnum í Smalaholti.
- Farið var í árlega Brynjudalsferð í jólatrjáareitinn 7. júlí 2015. Félagar báru á og bættu í svæðið með nýgróðursetningum.
- Í aðstöðu félagsins er fjöldi plantna í uppeldi sem Barbara Stanzeit hefur haft veg og vanda af. Síðar eru plönturnar gróðursettar úti á svæðin.
- Félagið hefur umsjón með gróðursetningum nemenda í grunnskólum bæjarins á plöntum sem skólarnir fá úthlutað úr Yrkjusjóði sem stofnaður var 1992. Gróðursett var í bæjargarðinn í Garðahrauni og Sandahlíð. Flataskóli, Hofstaðaskóli og Garðaskóli hafa tekið þátt í Yrkjugróðursetningum frá upphafi. Síðar bættust við Sjalandskóli og Alþjóðaskólinn. Skógræktarfélagið hefur ekki lengur landsvæði til að bjóða þessa þjónustu fyrir skólana, því er brýnt að útvega landssvæði til skógræktar barna.

Stúgar og áningastaðir - útivistarkort

Félagið gaf út útivistarkort í vasabroti af svæðunum á afmælisárinu 2013. Kortið er hægt að nálgast á svæðunum í kortaboxum, sem fyllt er á vikulega. Auðséð er að fólk sækir í upplýsingar um svæðin með því að fá sér útivistarkortið.

Samstarf skógræktarféлага

Þátttaka og samstarf við önnur skógræktarfélög hefur alltaf verið mikilvægur liður í störfum stjórnar.

- Unnið er að sameiningu Skógræktarfélags Álftaness og Skógræktarfélags Garðabæjar, sem hefur verið til umræðu síðan 2013 og er nú kominn skriður á málið með þátttöku framkvæmdarstjóra SÍ.
- Þátttaka formanns í formannafundum SÍ.
- Fimm stjórnarmenn tóku þátt í fagráðstefnu Skógræktar ríkisins um „Skóg og skipulag“ á Selfossi 12.–13. mars 2014.
- Þátttaka stjórnarmanna í fulltrúafundum S.Í. sem haldinn var í Hafnarfirði 6. apríl 2013.
- Fjórir stjórnarmenn sátu aðalfund Skógræktarfélags Íslands 14. - 16. ágúst 2015 á Akureyri auk fimm varamanna, en félagið á fjóra aðalfulltrúa.

Skógræktarfélag Garðabæjar lagði fram eftirfarandi þrjár tillögur á aðalfundinum og voru þær allar samþykktar með smávægilegum orðalagsbreytingum:

1. Tillaga til aðalfundar Skógræktarfélags Íslands 2015 haldinn á Akureyri 14.-16. ágúst.

Þjóðlendum til skógræktar

Aðalfundurinn beinir þeim tilmælum til Forsætisráðuneytis að gerður verði samstarfssamningur um skógrækt og landgræðslu innan svæða þjóðlenda á landinu. Þannig að þjóðlendum geti nýst skógræktarfélagunum til landgræðslu og skógræktar.

Það er trú okkar Garðbæinga að innan marka þjóðlenda sem vistaðar eru í forsætisráðuneyti séu landspildur sem ákjósanlegar eru til skógræktar.

2. Tillaga til aðalfundar Skógræktarfélags Íslands 2015 haldinn á Akureyri 14.-16. ágúst.

Fornminjar í skógum

Aðalfundurinn beinir þeim tilmælum til Skógræktarfélags Íslands að hlutast til um að ef minjar leynast í eldri skógum skógræktarfélaganna að skógur verði höggvinn umhverfis minjar til varðveislu þeirra og merkja þær. Minjar í skógum auka á útivistargildi skóganna.

Við gróðursetningar í nýskógrækt er gert ráð fyrir að vernda minjar og planta ekki of nærri þeim sbr. Skógrækt í sátt við umhverfið.

3. Tillaga til aðalfundar Skógræktarfélags Íslands 2015 haldinn á Akureyri 14.-16. ágúst.

Tillögur fyrri aðalfunda

Aðalfundurinn leggur til að tekið verði saman yfirlit yfir samþykktar tillögur fyrri aðalfunda Skógræktarfélags Íslands t.d. tíu ár aftur í tímann og veiti skógræktarfélagunum upplýsingar um framgang og eftirfylgni þeirra mála sem samþykkt hafa verið á aðalfundum.

Starfsáætlun Skógræktarfélags Garðabæjar 2015–2016

- Endurnýja samstarfssamning við Garðabæ.
- Sameining við Skógræktarfélag Álftanes.
- Fá aðstöðu fyrir stjórnarfundum og gögn félagsins.
- Vinna að öflun nýrra skógræktarsvæða.
- Fá svæðis fyrir gróðursetningar grunnskólanna fyrir Yrkjuplöntur.
- Fylgjast með framvindu endurskoðun aðalskipulags Garðabæjar.
- Umhirða á svæðunum.
- Hefting lúpínu og kerfils, sérstaklega frá stígum og í trjásýnistíg.
- Grisjun skóganna á umsjónarsvæðum félagsins.
- Viðhald stíga og ofaníbúður í Smalaholti og Sandahlíð.
- Umhirða trjásýnareits.
- Gerð fræðsluskilta og merkingar trjátegunda.
- Gróðursetning og íbætur innan skógræktarsvæðanna.
- Gróðursetning og umhirða jólatrjáareits í Brynjudal.
- Endurnýja og bæta við bekkjum og borðum á áningarstöðum.
- Græna stíginn þarf að fara að framkvæma.

Garðabæ, 2. september 2015

f.h. stjórnar Skógræktarfélags Garðabæjar,

Kristrún Sigurðardóttir, varaformaður

Hildigunnur Halldórsdóttir, ritari